

Fyrirspurn

til mennta- og barnamálaráðherra um börn í afreksíþróttum.

Frá Evu Sjöfn Helgadóttur.

1. Hvernig er hugað að börnum í afreksíþróttum með tilliti til þess að þau séu ekki undir of miklu álagi andlega og líkamlega og endi ekki í kulnun? Hefur ráðuneytið greint þetta sérstaklega?
2. Liggur fyrir stefna um mörk afreksíþróttar þegar börn eiga í hlut?
3. Eru gerðar einhvers konar úttektir á því hvort íþróttafélög og aðrir aðilar sem bjóða upp á íþróttir á afreksstigi fyrir börn séu að huga að þessum atriðum?
4. Er haldið utan um meiðsli hjá börnum í afreksíþróttum hér á landi?

Skriflegt svar óskast.